

LÖG
um breytingu á lögum nr. 33 5. maí 2000,
um veiðieftirlitsgjald, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „16.500 kr.“ í 1. gr. laganna kemur: 17.500 kr.

2. gr.

Í stað „593 kr.“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: 664 kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 28. nóvember 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Árni M. Mathiesen.